

## Dagskrá Iðunnar haustið 2020

Kvæðamannafélagið Iðunn verður að venju með starfsemi sína í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi, þ.e. kvæðalagaæfingar á miðvikudagskvöldum og fundi á föstudagskvöldum. Vakin er athygli á að í nóvember færast kvæðalagaæfingin yfir á laugardag kl. 14:00 en hún er fyrir börn og þá sem hafa gaman af að kveða og syngja með börnum.

Eins og síðastliðinn vetur mun félagið standa fyrir söngvökum á þriðjudagskvöldum, sem verða undir stjórn Chris Fosters, formanns þjóðlaganefndar, og Báru Grímsdóttur. Söngvökurnar verða til húsa í Gröndalshúsi í Fischersundi og verða sungin og kveðin ýmis íslensk þjóðlög t.d. sagnakvæði, tvísöngvar og kvæðalög. Kafað verður ofan í kveðskaparhefðina og stíleinkenni kvæðamanna. Fólk er hvatt til að syngja og kveða hvert fyrir annað og kenna lög sem það kann.

Á þessari haustönn verða dagsetningar á fundum Iðunnar, kvæðalagaæfingum og söngvökum á þessa leið:

### Kvæðalagaæfingar – Gerðuberg

miðv. 7. okt. kl. 19:00  
laug. 7. nóv. kl. 14:00  
miðv. 2. des. kl. 19:00

### Fundir – Gerðuberg

föst. 9. okt. kl. 20:00  
föst. 6. nóv. kl. 20:00  
föst. 4. des. kl. 20:00

### Söngvaka – Gröndalshús

þriðj. 20. okt. kl. 19:30  
þriðj. 17. nóv. kl. 19:30

**Segulbönd Iðunnar** er tilvalin afmælis- og útskriftargjöf fyrir tónlistaráhugafólk. Einnig nauðsynleg fyrir öll þau sem vilja læra að kveða! Bókin verður á tilboðsverði, 9.500 kr, út september. Hafid samband við Rósu á netfangið [rosat@hi.is](mailto:rosat@hi.is) eða í síma 8470870.



# FRÉTTABLAÐ IÐUNNAR

136. tölublað – 41. árgangur

Útgefandi: Kvæðamannafélagið Iðunn

Ágúst 2020

Ábm: Bára Grímsdóttir

**ATH. Allir viðburðir verða einungis á dagskrá ef sóttvarnarlög í landinu leyfa það og mun stjórn senda félagsmönnum nánari upplýsingar um þá í tölvupósti þegar nær dregur dagsetningu þeirra.**

## Haustferð Iðunnar laugardag 29. ágúst

Haustferð Iðunnar verður að þessu sinni farin um Árnessýslu. Lagt verður af stað frá BSÍ kl. 8:30 stundvíslega. Leiðin liggur um Mosfellsheiði að **Pingvöllum** þar sem tækifæri verður til að litast um. Þaðan verður svo haldið í heimsókn að **Búrfelli í Grímsnesi**, þar sem Ólöf Erla Halldórsdóttir og Sigurður dýralæknir munu taka á móti okkur. Á Búrfelli er meðal annars gömul merk kirkja. Í **Friðheimum** í Reykholti munum við borða ljúffenga súpu með ýmsu meðlæti og fara í gróðurhús og fræðast um hvernig ræktun grænmetis fer þar fram í sátt við náttúruna. Á **Flúðum** gefst okkur kostur á að baða okkur í **Gömlu lauginni** sem er elsta sundlaug landsins, frá 1891, eða þá að skoða hverasvæði staðarins og fá sér kaffi. Þaðan liggur svo leiðin í **Forsæti í Flóahreppi** þar sem finna má afar áhugavert gallerý þeirra hjóna, Ólafs og Bergþóru. Þar er líka lifandi listasmiðja sem varðveitir sögu hagleiks og uppfinninga og síðast en ekki síst er svo tréskurðarlist Siggú á Grund. Að **Austur-Meðalholtum** munum við líta á menningarsetrið **Íslenska bæinn**, sem er húsaþorp, sýningarstaður, samkomustaður og leikvöllur sem hverfist um íslenska torfbæinn, græna byggingarlist og varðveislu verkmenningar.

Loks verður sest að snæðingi á veitingastaðnum **Kríunni** í nánd við Selfoss. Þar er boðið uppá grillað lambalæri með meðlæti eða grænmetisrétt fyrir grænkeru og skyrtertu í eftirrét. Þar er einnig góð aðstaða til að kveða eða t.d. leika á hljóðfæri ef menn vilja. Áætluð heimkoma er kl. 21:30.

Verð fyrir Iðunnarfélaga er **kr. 10.000**. Innifalið í því er rútan, aðgangseyrir, leiðsögn og matur. Þeir sem fara í laugina borga 2.400 kr. aukalega (sem er hópverð) og þurfa að muna eftir sundfötum og láta vita um fyrirætlun sína við skráningu.

Þátttaka tilkynnist Kristni K. Guðmundssyni á netfangið [kristinnkg@gmail.com](mailto:kristinnkg@gmail.com) eða í síma 847-7156 fyrir **mánudag 25. ágúst**.

## Dagur rímnalagsins

15. september verður haldinn hátíðlegur með rímnatónleikum á Café Rosenberg, Vesturgötu 3, kl. 20. Kveðnar verða allar Rósarímur eftir Jón Rafnsson.

## Vaka

- Föstudag 30. október kl. 14:00 – Málþing um rímnalög og kveðskap í þátíð, nútíð og framtíð í Árnagarði. Skipuleggjendur eru Vaka, Kvæðamannafélagið Iðunn og Stofnun Árna Magnússonar.
- Laugardag 31. október – **'Kind of Folk – Vol 3 Iceland'** – útgáfutónleikar í Mengi með sænsku þjóðlagasveitinni Groupa. Gestatónlistarmenn: Bára Grímsdóttir, Skúli Sverrisson og Hilmar Jensson.

Nánari upplýsingar á heimasíðu Vöku: [www.vakareykjavik.com](http://www.vakareykjavik.com)

## Listahátíð

3. október taka nokkrir kvæðamenn úr Iðunni þátt í viðburðinum **Í leit að töfrum – Tillaga að nýrri stjórnarskrá fyrir lýðveldið Ísland**. Nánari upplýsingar síðar.

Undrast sá er aldrei steig  
átján skref á föstu landi,  
vesturbúum vekur beyg  
viðáttan á Suðurlandi.

Bjargey Arnórsdóttir

Sigfinnur hrósaði happi  
er hann týndi frúnni á vappi  
upp rifjaði í skyndi  
að Ráðhildi fyndi  
með rakningar- frábæru appi.

Sigurlín Hermannsdóttir

Sorta milli sólin braust,  
sálu gyllir endalaust.  
Þig ég hylli, þekka haust,  
þú mig fyllir gleðiraust.

Gunnar J. Straumland

Lúsiðnar vespurnar líðandi  
leitandi suðandi  
plönturnar blómstrandi prýðandi  
puðandi ... stuðandi.

Helgi Zimsen

Ráfa um garðana rallhálfir þrestir,  
í rífsberjagerjun er ölvíman sótt.  
Ælandi og sauðdrukknir eru nú flestir  
ungfuglar djammandi langt fram á nótt.

Leiðan svo heyri ég lóunnar söng  
löngu – þá sýni ég henni – töng.  
Hún æðir um móana, ölóð og svöng,  
emjandi og gargandi síðdegin löng.

Gunnar J. Straumland

Þegar kátir kvæðamenn,  
kyrja sínar rollur,  
—gamla tímans gæslumenn—  
grípur suma hrollur.

Það fer í þeirra fínustu,  
foran þekka hreiminn.  
Oft má draga að endingu  
ansi langan seiminn.

Engu slíku ansa ber,  
úr því spaug má gera.  
Kvæðamannakórinn er  
kominn til að vera.

Bjargey Arnórsdóttir

Eitt sinn var agnarsmátt lúsmý  
sem auðvitað kallað var Lúsý.  
Við sumarhús dvaldi  
þar saug fólk og kvaldi  
því barbekjú-blóð er svo djúsí.  
Sigurlín Hermannsdóttir

Inn til lands við aftanklið,  
eins og skip að nausti,  
sýnist mér að sumarið  
sigli brátt að hausti.

Gunnar J. Straumland

Hart á dyr nú haustið knýr  
hrollkalt veður ganar í.  
Burt þá margur fuglinn flýr  
og flytur sig til Kanarí.

Sigurlín Hermannsdóttir

Gott er að vera frjáls og frí  
og fá að vera saman.  
Iðunn mætir enn á ný  
eftir sumargaman.

Bjargey Arnórsdóttir